



5. nóvember 2019

Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands við frumvarp um Menntasjóð námsmanna

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands við frumvarp um Menntasjóð námsmanna byggir á umsögn ráðsins við frumvarpsdrög að sama kerfi sem birtust í sumar. Ekki hefur verið gerð breyting á veigamestu atriðunum sem Stúdentaráð lagði til og stendur því umsögnin í meginatriðum. Til viðbótar við þau atriði ber að gera nokkrar athugasemdir við þær breytingar sem orðið hafa frá birtingu draganna.

Framfærslulán 2. gr.:

Framfærslulán og skýring þeirra eru óbreytt frá frumvarpsdrögum þrátt fyrir athugasemdir Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Enn er einfaldlega vísað til framkvæmdar hjá stjórn LÍN við ákvörðun grunnframfærslu vegna framfærslulána og stendur því eftir að sams konar framkvæmd verði hjá Menntasjóðnum. Stúdentaráð telur nauðsynlegt að sett verði fram skýr fyrirmæli til stjórnar sjóðsins vegna framfærslulána til að markmiðum frumvarpsins um að öllum stúdentum sé gert kleift að framfleyta sér verði náð.¹

Stúdentar hafa lengi barist fyrir hærri grunnframfærslu þar sem of lág framfærsla neyðir þá til að vera á vinnumarkaði til að geta framfleytt sér á sama tíma og þeir stunda nám. Það verður til þess að tekjur stúdenta eru yfirleitt hærri en frítekjumark sem sjóðsstjórn ákveður. Það leiðir svo til skerðingar á námslánnum sem neyðir stúdenta til að vinna meira til að sjá fyrir sér. Þessi vítahringur hefur hingað til vissulega verið á ábyrgð stjórnar. Þar sem engar breytingar eða fyrirmæli koma fram til stjórnar vegna framfærslulána í nýju kerfi er hér tapað færi á að krefja stjórn um endurskoðun þeirra svo stúdentum verði raunverulega gert kleift að framfleyta sér í námi. Því til viðbótar má benda á að frumvarpið boðar ekki neinar efnislegar breytingar á hlutverki eða markmiði sjóðsins² svo sjóðsstjórn er ekki skylt að breyta framkvæmd sinni til að tryggja aðgengi að námi frekar en gert er með gildandi lögum.

Almennar athugasemdir með frumvarpinu tilgreina réttilega að 34% íslenskra háskólanema meta fjárhagsstöðu sína annað hvort alvarlega eða mjög alvarlega en meðaltal háskólanema í Evrópu er 26% vegna sömu atriða. Við það má bæta að fjárhagserfiðleikar voru þriðja algengasta ástæða þess að rof verður á námsferli

¹ Frumvarp um Menntasjóð námsmanna, bls. 14

² Sjá athugasemdir við 1. og 29. gr. frumvarpsins, bls. 28 og 50.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Íslensks stúdents í a.m.k. tvær annir skv. könnun Eurostudent. Það er því fullt tilefni til endurskoðunar á framfærslulánum og grunnframfærslu stúdenta. Markmiði frumvarpsins um hvata til að klára nám á réttum tíma verður ekki náð nema öruggt sé að stúdentar geti framfleytt sér á meðan námi stendur. Öðrum kosti munu fjárhagsörðugleikar og fjárhagsáhyggjur stúdenta áfram vera hindrun sem verður til þess að stúdentar flosna upp úr námi, geta ekki hafið nám eða hafa ekki kost á að klára námið á hefðbundnum tíma og munu þar af leiðandi ekki njóta góðs af niðurfellingu hluta láns í nýju kerfi.

Lánsréttur 4. gr:

Stúdentaráð furðar sig á breytingu á lánsrétti stúdenta sem frumvarpið boðar. Þar er réttur stúdenta takmarkaður frá því sem birtist í frumvarpsdrögum í sumar. Nánar tiltekið sagði í frumvarpsdrögum „Í úthlutunarreglum Stuðningssjóðs skal mælt fyrir um lánsrétt námsmanna. Ekki má mæla fyrir um lægri lánsrétt, í heild til handa námsmanni, en 420 ECTS einingar.“ Var þá um að ræða lágmarksrétt um 420 einingar en sjóðsstjórn gat hækkað það viðmið. Í athugasemdum með greininni var vísað til þess að verið væri að styrkja lagastoð og ítreka skýrar, stöðugar og aðgengilegar reglur. Eins og frumvarpið er í dag um Menntasjóð segir „Lánsréttur námsmanna skal vera fyrir 420 ECTS einingum eða ígildi þeirra“. Hér er um takmörkun á því sem lagt var upp með í sumar sem skerðir réttindi stúdenta og aðgengi að námi. Athugasemd með greininni og rök fyrir þessari breytingu eru hin sömu og birtust með frumvarpsdrögum í sumar og er engu við bætt. Skortur er á rökum fyrir þessari takmörkun og leggur Stúdentaráð til að ákvæðinu verði breytt á ný, eins og það birtist í sumar í frumvarpsdrögum að Stuðningssjóði íslenskra námsmanna.

Undanþágur um námsframvindu og niðurfelling lána við námslok 4. mgr. 14. gr.

Ákvarðanir um undanþágur sem skera úr um hvort stúdent hljóti niðurfellingu láns við námslok velta enn á úthlutunarreglum. *Skilyrði til þess að hljóta niðurfellingu á láni við námslok er því enn háð skilyrðum um námsframvindu og undanþágum vegna þess sem geta breyst ár frá ári.*

Þetta veldur því að forsendur stúdents við upphaf náms um skilyrði og undanþágur til að hljóta 30% niðurfellingu á höfuðstóli lánsins við námslok eru ekki skýrar og gætu jafnvel breyst á námstímanum. Stúdentaráð telur það óráðlegt og að sú útfærsla bjóði upp á mikið flækjustig við ákvörðun niðurfellingu námslána við námslok. Kveða þarf skýrar á um undanþágur vegna niðurfellingar höfuðstóls námslána í lögnum.

Stúdentaráð telur mikilvægt að ef undanþágur um námsframvindu og niðurfellingu



Stúdentaráð Háskóla Íslands

lána séu breytilegar á námsferli lánþega, að ákvörðun stjórnar miði við þær undanþágur sem voru lánþeganum hagstæðastar.

Styrkir til foreldra 15. gr.

Stúdentaráð fagnar breytingum á barnastyrkjum frá frumvarpsdrögum í sumar. Hámarksstyrkur vegna framfærslu barns er felldur brott svo foreldrar hafa jafnan aðgang að námi enda njóta þeir barnastyrks fyrir jafn mörgum einingum og hægt er að fá lán fyrir. Þá er einnig jákvætt að skýrt sé kveðið á um styrk vegna meðlagsgreiðslna.

Hins vegar stendur eftir að eingöngu þeir foreldrar í námi sem taka lán hjá sjóðnum eigi rétt á barnastyrk. Foreldrar í námi verða fyrir auknum útgjöldum hvort sem viðkomandi tekur námslán eða ekki og því ítrekar SHÍ að svigrúm eigi að vera til að veita barnastyrki óháð því hvort foreldrar taki námslán.

Verðtryggð lán 3. mgr. 16. gr.

Að jafnaði bera verðtryggð lán lægri greiðslubyrði en óverðtryggð og eru því minna íþyngjandi fyrir greiðendur. Því er jákvætt að sjá að lán séu verðtryggð að upplagi en lántakar þurfi að óska þess sérstaklega að breyta þeim í óverðtryggð.³

Stúdentaráð bendir þó á að ekki er sérstaklega tilgreint að tryggja þurfi aukið þjónustustig sjóðsins samhliða því að stúdentar hafi val um verðtryggð eða óverðtryggð lán. Það gefur augaleið að þörf væri á aukinni ráðgjöf af hálfu sjóðsins við námslok til að lántakar taki upplýsta og meðvitaða ákvörðun um skilmála lána sinna, ef val sem þetta á að standa til boða. Þessu telur Stúdentaráð nauðsynlegt að breyta.

Vextir 17. - 18. gr.

Stór hluti gagnrýni Stúdentaráðs Háskóla Íslands á *drög* að frumvarpi þessu sneri að vaxtakjörum. Í greinargerð frumvarpsins kemur nú fram að ekki hafi verið hægt að bregðast við athugasemdum um vexti „þar sem forsenda þess að lánakerfið gangi upp er sú að kerfið standi undir sér.“⁴ Þau atriði í umsögn Stúdentaráðs sem snúa að vöxtum standa því óhöggð en verða ítrekuð hér.

Ef innleiða á breytilega vexti með þeim hætti sem fram kemur í frumvarpinu má leiða líkum að því að töluvert flökt verði á vaxtakjörum frá mánuði til mánaðar. Þeir vextir

³ Sjá umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna, dags. 23. júlí 2019, bls. 4:
[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1439&uid=b65c96c0-56ad-e911-9453-005056850474](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1439&uid=b65c96c0-56ad-e911-9453-005056850474)

⁴ Sjá frumvarp um Menntasjóð námsmanna, bls. 16.

JM
1150



Stúdentaráð Háskóla Íslands

sem námslán bera verða þá ákvarðaðir með einfaldri punktmælingu við lokun markaða á síðasta degi vaxtatímabils. Þar sem vextir ríkisskuldabréfa geta flökt um tugi punkta á dag telur Stúdentaráð óráðlegt að miða ekki við meðaltal ávöxtunarkröfu yfir ákveðinn tíma í því skyni að minnka óvissu um vaxtakjör. Slík breyting ætti þar að auki ekki að hafa afgerandi áhrif á getu lánahlutans til að standa undir sér.

Að mati Stúdentaráðs eru rök um sjálfbærni lánahlutans samhliða markaðsvæðingu vaxtakjara yfirlýsing yfir þá staðreynd að enginn vilji er til staðar til að auka námsstuðning á Íslandi, enda miðar frumvarpið einungis að því að dreifa þeim stuðningi sem þegar er til staðar á jafnari hátt. Þessi grundvallarforsenda frumvarpsins gengur ekki sem algild rök fyrir þeim ákvörðunum sem teknar eru. Samkvæmt minnisblaði um þjóðhagslegan ávinning af nýju lánasjóðskerfi, sem Summa ráðgjöf vann fyrir ráðuneytið og ráðherra hefur vitnað í, ætti kerfisbreytingin að hafa jákvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs upp á 1-3 milljarða á ári samanborið við núverandi kerfi. Eru þau áhrif til kominn vegna aukinnar hagkvæmni í rekstri háskóla og aukinna skatttekna þar sem stúdentar ættu, að öðru óbreyttu, að ljúka námi á styttri tíma, bregðist þeir við þeim fjárhagslegu hvötum sem frumvarpið leggur upp með. Með því að veita þeim fjármunum aftur í námslánakerfið væri að öllum líkindum hægt að tryggja betri vaxtakjör á námslánum í formi vaxtahámarks, án þess að vegið sé að getu lánahlutans til að standa undir sér.

Til viðbótar kallar Stúdentaráð eftir skýrari svörum um hvert álag vegna affalla gæti orðið.⁵ Að ákveða það í úthlutunarreglum hvers árs varpar enn frekari óvissu á greiðendur og lántaka og minnkar fyrirsjáanleika vaxtastigs lánanna enn frekar. Að auki væru áhrif affallaálags sem þessa þau að vextir á lánum hækki þegar afföll eru sem mest. Afföllum af lánasafni sjóðsins vegna slæms efnahagsástands væri þannig velt yfir á þá greiðendur sem eftir standa. Varlega þarf að fara við ákvörðun vaxtaálags til að forðast óæskilega hringrás vanskila og frekari affalla ef illa árar. Það skal þó nefnt að ákvæðið hefur batnað frá því að drög voru birt. Heimild stjórnar til að leita til utanaðkomandi aðila til ráðgjafar ætti að vera til hagsbóta.

Að lokum ítrekar Stúdentaráð andstöðu sína við afnám vaxtahámarks. Sú nefnd sem boðuð er með frumvarpinu til viðbragðs við háu vaxtastigi hefur mjög óskýrar valdheimildir. Að „leita skuli leiða til úrbóta“⁶ er ófullnægjandi viðbragð við háum vöxtum á námslán. Fjögurra prósentustiga vextir eru langt umfram það sem

⁵ Sjá frumvarp um Menntasjóð námsmanna bls. 18: „með því að hafa breytilega vexti í stað fastra er dregið úr þeirri vaxtaáhættu sem Lánasjóðurinn býr við í dag“ Þessari áhættu er óhjákvæmilega velt yfir á greiðendur.

⁶ Sjá frumvarp um Menntasjóð námsmanna bls. 43.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

stúdentar og stjórnvöld hafa áður sætt sig við. Að lokum skal það ítrekað að vextir á námslánum eru í grunninn pólitísk ákvörðun. Fyrir fáum áratugum voru námslán vaxtalaus, báru svo 1% vexti en með þeim breytingum sem nú standa til er opnað fyrir möguleikann á því að vextir fari yfir 4%. Samtímis er lögð megináhersla á félagslegt jöfnunarhlutverk lánasjóðsins en ljóst er að þær breytingar sem lagðar eru til á vaxtafyrirkomulagi sjóðsins stuðlar ekki að bættu jöfnunarhlutverki hans.

Nánar um 18 gr:

Mikilvægt er að samhliða auknu vali lánþega bjóði sjóðurinn upp á aukna þjónustu til að skýra hverju sinni kosti mismunandi lánaforma. Ljóst er að greiðslubyrði óverðtryggðra lána verður að jafnaði hærri en verðtryggðra lána og mikilvægt er að aðgengi lántaka að upplýsingum og ráðgjöf í samhengi við val á lánsfyrirkomulagi verði tryggt.

Gjaldfelling lána 3. mgr. 20. gr.

Séu námslán ekki að fullu endurgreidd 66 ára má gjaldfella lánin skv. 3. mgr. 20. gr. frumvarpsins. Stúdentaráð gerir athugasemdir við svo harkalegar aðgerðir gagnvart lántökum. Samkvæmt athugasemdum frumvarpsins við greinina er ástæða þessa úrræðis sú að tryggja markmið frumvarpsins um að námslán sem myndu annars falla niður falli ekki á aðra lánþega með hærri vaxtaálagi. Stúdentaráð bendir þó á að aðgerð sem þessi getur bitnað illa á eldri borgurum. Gjaldfelling eftirstöðva lánsins er sérstaklega þungbært úrræði fyrir greiðendur. Gera má ráð fyrir að einstaklingar sem hafa ekki náð að greiða upp lánið fyrir 67 ár aldur séu t.d. þeir sem hafi fengið frest á að greiða upp lánið, sem eru ef til vill einmitt þeir sem gjaldfelling myndi bitna verst á. Gæta þarf að meðalhófi og heildstæðu mati við ákvörðun um að gjaldfella lánið enda er mikilvægt að svigrúm sé til staðar fyrir greiðendur til að bjóða fram efndir. Stúdentaráð setur því fyrirvara við ákvæðið eins og það birtist í dag. Skýrt þarf að vera að sjóðurinn þurfi að meta aðstæður hverju sinni og að markmið sjóðsins leiði ekki til þess að lán séu gjaldfelld þrátt fyrir vilja og getu skuldara til að greiða þau til baka. Þá leggur Stúdentaráð til að aðrar leiðir séu skoðaðar sem eru ekki jafn íþyngjandi fyrir endurgreiðendur.

Tekjutenging 21. gr.

Í frumvarpinu segir: „Við kostnaðarmat á frumvarpinu kom í ljós að lægsti mögulegi aldur til að tekjutengd endurgreiðsla námslána gæti staðið undir sér væri 35 ár.”⁷ Hins vegar gefur kostnaðarmatið engin svör um að þessi valkostur hafi verið sá eini í stöðunni og eru engir aðrir kostir mátaðir við kerfið. Samkvæmt kostnaðarmati sem Stúdentaráð fékk afhent þann 22. október sl., eftir að hafa óskað eftir því frá því í sumar, var í raun gengið út frá því að miða eigi aldurinn við 35 ár. Þar segir í kafla

⁷ Sjá frumvarp um Menntasjóð námsmanna, bls. 46.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

I.b. um forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum að gert sé ráð fyrir að *námsmenn sem ljúka námi fyrir 35 ára aldur geta valið um að endurgreiða námslán með tekjutengingu eða mánaðarlegum afborgunum þar sem endurgreiðslutími námslána verði háður lántökuupphæð.*⁸ Stúdentaráð vonaðist eftir því að sjá fleiri útfærslur og fullnægjandi röksemdir fyrir því að þessi niðurstaða hafi verið eina leiðin til þess að halda tekjutengingu inni kerfinu. Ekki er ljóst að það sé í raun nauðsynlegt að takmarka tekjutengdar afborganir við 35 ára og yngri. Stúdentaráð gagnrýnir skort á fullnægjandi skýringum og rökum fyrir þessari takmörkun. Stúdentaráð bendir á að markmið kerfisins um að jafna stuðning við námsmenn⁹ má ekki bitna á hópum sem þurfa hvað mest á námslánakerfinu að halda. Er þá átt við eldri einstaklinga í tekjulægri stéttum sem hafa ekki aðgang að tekjutengdum afborgunum eins og frumvarpið birtist nú.

Þær föstu skorður sem settar eru í þessari grein frumvarpsins eru gagnrýnisverðar. Stúdentaráð telur að stúdent sem hefur nám í tæka tíð til að eiga möguleika á tekjutengdum afborgunum en tefst í námi eigi að halda rétti sínum til tekjutengdra afborgana ef hann uppfyllir þau skilyrði sem til þarf til að fá niðurfellingu höfuðstóls.

Samkvæmt greiningarvinnu Stúdentaráðs er greiðslubyrði tekjutengdra afborgana mun lægri fyrir meirihluta lántakenda. Því gerir Stúdentaráð athugasemdir við að meginreglan verði sú að miða endurgreiðslu við lántökufjárhæð í stað þess að þær séu tekjutengdar.¹⁰ Það býður upp á að stúdentar sem klára fyrir 35 ára aldur verði ekki sjálfkrafa í tekjutengdu kerfi heldur þurfi að óska sérstaklega eftir því. Það rímar betur við markmið sjóðsins og hlutverk hans sem félagslegt jöfnunartæki að meginreglan í tilfalli allra sem eiga rétt á tekjutengingu verði sú að þeir njóti tekjutengdra afborgana. Í umfjöllun greinargerðarinnar er talað um að gæta þurfi að fyrirkomulagi um tekjutengdar endurgreiðslur svo þær verði Menntasjóðnum ekki til „tjóns“. Stúdentaráð veltir upp hvað sé tjón í þessum skilningi fyrir sjóðinn. Stuðningur við námsmenn ætti aldrei að vera hugsað sem tjón enda fjárfesting í menntun einhver mikilvægasta forsenda velsældar í samfélaginu.

Skipan stjórnar sjóðsins 30. gr.

Ekki hefur verið tekið mið af athugasemdum Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna breytinga á skipan sjóðsstjórnar. Breytingin er án samráðs við Stúdentaráð Háskóla Íslands og þvert á vilja ráðsins. *Í gildandi lögum er SHÍ tryggt sæti í stjórn sjóðsins en 32. gr. frumvarpsins leggur til þá breytingu að LÍS tilnefni þrjá fulltrúa stúdenta í*

⁸ Sjá Mat á áhrifum lagasetningar, Málsheiti og nr. Frumvarp til laga um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna. MMR18050188

⁹ Sjá frumvarp um Menntasjóð námsmanna, bls. 15.

¹⁰ Sjá frumvarp um Menntasjóð námsmanna, bls. 44.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

sjóðsstjórn. Stúdentaráð ítrekar nauðsyn þess að tryggja fulltrúa 70% stúdenta landsins sæti í stjórn með lögum sjóðsins. Stúdentaráð telur rétt að benda á rangfærslu í athugasemdum með ákvæðinu þar sem talað er um lönneasambandið þar sem augljóslega á að vera Stúdentaráð Háskóla Íslands.¹¹ Stúdentaráð telur þessa breytingu ekki nægilega vandaða. Stúdentaráð eigi að halda sínum stað í lögum sjóðsins til að tilnefna einn fulltrúa stúdenta í stjórn sjóðsins.

Hlutverk sjóðsins 29. gr.

Stúdentar telja ljóst að LÍN hefur ekki þjónað hlutverki sínu sem félagslegur jöfnunarsjóður með góðu móti. Því gerir Stúdentaráð athugasemd við að nafnabreyting sjóðsins og orðalagsbreyting á hlutverki hans séu ekki efnisbreytingar.

Stjórn sjóðsins hefur gríðarleg áhrif á hvernig námslánakerfið virkar en eðli málsins samkvæmt ber stjórn að starfa eftir markmiðum laga um sjóðinn og skilgreindu hlutverki hans. Lág grunnframfærsla og fritekjumark sem sjóðsstjórn hefur lagt til við ráðherra ár hvert með úthlutunarreglum hefur leitt til þess að stúdentar neyðast til að vinna með námi. Ef hvorki er um efnisbreytingu á hlutverki né markmiðum að ræða hefur sjóðsstjórn enga skyldu til að endurskoða þessi atriði og framkvæmdin hingað til getur staðið áfram.

Útlán verði að standa undir sér 34. gr.

Samkvæmt athugasemdum með 34. gr. frumvarpsins verður lánahluti námslánakerfisins að standa undir sér og ríkið að hætta að niðurgreiða vexti til námsmanna eins og er í núverandi kerfi.¹² Stúdentaráð telur þetta of hart í árina tekið enda mun þjóðhagslegur ávinningur af kerfinu verða mikill, eða á bilinu 1-3 milljarðar á ári.¹³ Eins og áður segir á hluti þessara tekna að geta nýst í að greiða niður vaxtamismun vegna vaxtahámarks. Þannig væri hægt að tryggja fyrirsjáanleika fyrir námsmenn í kerfinu og gæta þess að vextir valdi því ekki að afborganir af námslánum reynist ekki of íþyngjandi.

Aðrar almennar athugasemdir vegna greinargerðar

Markmið sjóðsins, fjárhagsáhyggjur stúdenta og staða á námstíma

Í greinargerð frumvarpsins er réttilega vísað í miklar fjárhagsáhyggjur stúdenta miðað við aðra evrópska námsmenn.¹⁴ Frumvarpið leysir þann vanda því miður ekki nægilega vel enda miðar frumvarpið að því að stuðningurinn birtist þeim að loknum

¹¹ Sjá frumvarp um Menntasjóð námsmanna, bls. 56.

¹² Sjá frumvarp um Menntasjóð námsmanna, bls. 51.

¹³ Stúdentaráð Háskóla Íslands kallaði eftir mati á þjóðhagslegum ábata kerfisins í júlí og fékk gögnin send frá ráðuneytinu þann 22. okt sl. Þau eru aðgengileg á vef Stúdentaráðs:

¹⁴ Sjá frumvarp um Menntasjóð námsmanna, bls. 13.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

námstíma.¹⁵ Á sama tíma segir í greinargerð að sérstök áhersla verði lögð á að gera öllum námsmönnum kleift að framfleyta sér á meðan þeir leggja stund á nám sem fellur undir lögin.¹⁶ Stúdentar munu ekki eiga meiri möguleika á að framfleyta sér í námi á námslánum ef frumvarpið gengur í gegn í þessari mynd. Frítekjumark og grunnframfærsla stúdenta, sem hefur hvað helst áhrif á hvort kerfið gagnist stúdentum á námstíma, yrði enn háð ákvörðun stjórnar sem starfar eftir markmiðum sjóðsins. Skýr fyrirmæli til stjórnar sjóðsins, efnisbreytingar á hlutverki og markmiði hans eru dæmi um breytingar á frumvarpinu sem þurfa að koma til svo fyrirsjáanlegt verði að hagur námsmanna á námstíma batni.¹⁷ Þá vísar greinargerðin til þess að meginmarkmiðið sé að tryggja gott aðgengi að menntun óháð efnahag.¹⁸ Það verður best gert með auknum stuðningi á námstíma.

Ef fleiri aðilum er gert kleift að framfleyta sér í námi ættu sömu rök að standa til þess að hækka framfærslu og frítekjumark til þess að þau klári á réttum tíma og verði þannig hluti af þessum þjóðhagslega ábata sem nýtt kerfi á að veita ríkinu.

Önnur atriði

Frumvarpið á að eyða óvissu um ýmis atriði er varðar lánshæfi náms og námslán vegna skólagjalda.¹⁹ Ekki er hjá því komist að benda á að frumvarpið býr einnig til mikla óvissu fyrir námsmenn þar sem vaxtafyrirkomulag nýs kerfis er ógagnsætt, flókið og ófyrirsjáanlegt, en það hefur hvað mest áhrif á það hvernig kerfið kemur út fyrir námsmenn við endurgreiðslu lánanna. Því ítrekar Stúdentaráð áherslu á að setja þarf á vaxtahámark svo kerfið komi ekki verr út fyrir stóran hluta námsmanna en gildandi kerfi.

Stúdentaráð telur jákvætt að rök fyrir þeirri breytingu að bjóða uppá verðtryggð og óverðtryggð lán séu ekki lengur þau að það sé hvatning til þess að auka fjármálalæsi ungs fólks.

Stúdentaráð telur jákvætt að eldri ábyrgðir falli niður. Þá er jákvætt að verðbætur bætist við styrkinn sem reiknaður er.

¹⁵ Sjá frumvarp um Menntasjóð námsmanna, bls. 18.

¹⁶ Sjá frumvarp um Menntasjóð námsmanna, bls. 14.

¹⁷ Sjá Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna, dags. 23. júlí 2019. Kafli: Framfærslulán og Nafnabreyting og hlutverk sjóðsins.

¹⁸ Sjá frumvarp um Menntasjóð námsmanna, bls. 14.

¹⁹ Sjá frumvarp um Menntasjóð námsmanna, bls. 16.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráð telur jákvætt að lánshafar eigi nú óumdeilanlega þann kost að fá lánin greidd út mánaðarlega eða samkvæmt því fyrirkomulagi sem nú ríkir.²⁰

Stúdentaráð gerir athugasemd við skort á rökum fyrir því að takmarka aðgengi þeirra sem eru eldri en 65 ára að námslánunum.²¹ Þeir dómar Hæstaréttar sem vísað er til í greinargerð með 21. gr. frumvarpsins snúast um atvinnuleyfi í atvinnugreinum þar sem fólk stýrir farartækjum eða ber ábyrgð á þeim með öðrum hætti og er því með líf fólks í höndunum. Aldurstakmarkanir í þeim aðstæðum eru vissulega studd málefnalegum rökum um almannaoýggi og vernd lífs og heilsu fólks. Það eru þó ekki samskonar rök til staðar fyrir takmörkun á aðgengi fólks að menntun eða lánunum frá ríkinu þar sem lífi og heilsu fólks stafar ekki hættu af því að fólk eldri en 65 ára sækir sér menntun með því að taka lán. Stúdentaráð gerir athugasemd við skort á málefnalegum rökum fyrir takmörkuninni annarri en að bent sé á framkvæmd í nágrannalöndum.

Jóna Þórey Pétursdóttir
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Marinó Örn Ólafsson
Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands

²⁰ Sjá á Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna, dags. 23. júlí 2019, bls. 5-6.

²¹ Sjá frumvarp um Menntasjóð námsmanna, bls. 45 vegna 20. gr. frumvarpsins og greinargerð með ákvæðinu